

Nr. 50

23. september 2021

AUGLÝSING

um samning við Rússland um stjórnsýsluaðstoð í tollamálum.

Hinn 22. nóvember 2018 var í Moskvu gerður samningur milli ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins og ríkisstjórnar Íslands um samstarf og gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í tollamálum.

Samningurinn öðlaðist gildi 5. september 2021 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almennungi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. september 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
 milli ríkisstjórnar Íslands
 og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins
 um samstarf og gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í tollamálum.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins, hér eftir nefndar samningsaðilarnir,

sem byggja á þeirri staðreynd að brot á tollalögum eru skaðleg fyrir efnahagslega, félagslega, fjárhagslega, viðskiptalega og menningarlega hagsmuni samningsaðilanna, sem og lýðheilsu og öryggi þeirra,

sem taka tillit til þess að þörf er á að þróa viðskipta- og efnahagsleg tengsl milli samningsaðilanna,

sem vilja þróa og efla hagnýtt samstarf um mál sem varða sameiginlega hagsmuni í tollamálum,

sem taka tillit til mikilvægis réttrar álagningar tolla á innfluttar eða útfluttar vörur, sem og að farið sé eftir fyrirmælum er varða bönn, takmarkanir og eftirlit að því er varðar innfluttar og útfluttar vörur,

sem eru sannfærðir um að aðgerðir sem miða að því að fyrirbyggja brot á tollalöggjöf og tryggja fulla greiðslu tolla og skatta sem innheimtir eru við innflutning og útflutning vara geti orðið árangursríkari með samstarfi tolyfirvalda samningsaðilanna,

sem eru sannfærðir um að með því að deila upplýsingum megi auka skilvirkni í samstarfi tolyfirvalda samningsaðilanna,

sem eru sammála um að ólögleg verslun með fíkniefni, geðvirk efni og forefni þeirra ógni lýðheilsu og samfélögum samningsaðilanna,

sem viðurkenna nauðsyn þess að efla samstarf um varnir gegn fölsunum í alþjóðaviðskiptum,

sem taka mið af alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni, 1961, eins og honum var breytt með bókun frá 1972 um breytingar á alþjóðasamningnum um ávana- og fíkniefni, 1961, alþjóðasamningnum um skynvilluefni, 1971, og samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni, 1988,

sem taka tillit til tilmæla Tollasamvinnuráðsins um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð frá 5. desember 1953,

hafa komið sér saman um eftifarandi:

1. gr.

Skilgreiningar.

Hugtök sem notuð eru í samningi þessum skulu hafa eftifarandi merkingar:

- a) „tollyfirvald sem fær beiðni um aðstoð“ merkir tolyfirvald sem fær beiðni um aðstoð í tollamálum samkvæmt samningnum og/eða veitir slíka aðstoð;
- b) „tollyfirvald sem óskar aðstoðar“ merkir tolyfirvald sem sendir beiðni um aðstoð í tollamálum samkvæmt samningnum og/eða fær slíka aðstoð;
- c) „upplýsingar“ merkir sérhver gögn, þar með talið rafræn og ljósmynduð gögn, sem og skjöl, skýrslur og sérhver önnur boðskipti í hvaða formi sem er og staðfest afrit þeirra;
- d) „afhending undir eftirliti“ merkir þá starfsaðgerð að hindra ekki útflutning, innflutning eða umflutning ólöglegra eða grunsamlegra sendinga fíkniefna, geðvirkra efna eða forefna þeirra og annars varnings í ólöglegum flutningi, um eða inn á yfirráðasvæði samningsaðila með vitund og undir eftirliti lögbærra yfirvalda samningsaðilanna, í því skyni að bera kennsl á aðila sem eiga hlut að ólöglegum viðskiptum með fíkniefni, geðvirk efni eða aðrar vörur í ólöglegum flutningi;
- e) „aðili“ merkir einstakling eða lögpersónu;

- f) „fíkniefni og geðvirk efni“ merkir efni sem skráð eru á listum Alþjóðasamnings um ávana- og fíkniefni frá 1961, eins og honum var breytt með bókun frá 1972 um breytingar á Alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni frá 1961, og Alþjóðasamnings um skynvilluefni frá 1971, og innlendum listum ríkja samningsaðilanna;
- g) „forefni“ merkir íðefni sem eru notuð við ólöglega framleiðslu fíkniefna og geðvirkra efna sem eru skráð í töflum I og II í viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 20. desember 1988;
- h) „persónuupplýsingar“ merkir sérhverjar upplýsingar sem varða persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling með beinum eða óbeinum hætti;
- i) „tollyfirvald“ merkir Alríkistollstjórn í Rússneska sambandsríkinu og tollstjóra á Íslandi;
- j) „tollgjöld“ merkir tolla, skatta og gjöld sem tallyfirvöld samningsaðila leggja á samkvæmt lögum hans;
- k) „tollalöggjöf“ merkir samsafn alþjóðasamninga, laga og stjórnavaldsreglna hvors samningsaðila, sem tallyfirvöldum er falið að beita og framfylgja og sérhverjar reglur sem tallyfirvöld setja samkvæmt valdheimildum sínum og varða innflutning, útflutning og umflutning vara, handfarangurs og farangurs farþega, gjaldmiðla og annarra verðmæta, milliríkjapóstflutning, innheimtu tolla, skatta og annarra gjalda, ákvæði er varða undanþágur, ákvörðun banna og takmarkana og eftirlit með flutningi vara yfir landamæri samningsaðila;
- l) „tollalagabrot“ merkir sérhvert brot eða tilraun til brots á tollalöggjöf.

2. gr.

Efni samningsins.

1. Samstarf samningsaðilanna skal vera með þeim hætti sem samræmist lögum ríkjanna og alþjóðasamningum sem þau eru aðilar að.
2. Samningsaðilar skulu, í samræmi við ákvæði samningsins og fyrir milligöngu tallyfirvalda ríkja þeirra:
 - a) skiptast á upplýsingum um tollalagabrot í samræmi við löggjöf viðkomandi ríkis;
 - b) hafa samstarf til að koma í veg fyrir, rannsaka og vinna gegn tollalagabrotum;
 - c) skiptast á upplýsingum sem greiða fyrir tollefirliti í þágu framkvæmdar tollalöggjafar og vegna framlagðra upplýsinga um tollflokkun, ákvörðun tollverðs og uppruna vara og varðandi innheimtu tollgjalda að fullu;
 - d) hafa samstarf um rannsóknir, þróun og þrófun nýrra tækja og tækni sem miðar að því að koma í veg fyrir, rannsaka og vinna gegn tollalagabrotum, um þjálfun starfsmanna og skipti á sérfræðingum og um önnur málefni þar sem þörf er sameiginlegrar aðkomu með undanfarandi samkomulagi tallyfirvalda samningsaðila;
3. Samstarf samningsaðila innan ramma samnings þessa skal vera í samræmi við löggjöf, valdheimildir og getu tallyfirvaldsins sem fær beiðni um aðstoð.
4. Ef tallyfirvaldið sem fær beiðni um aðstoð er ekki lögbært stjórnavald til að veita umbeðna aðstoð, skal tallyfirvaldið þegar framsenda beiðnina til viðeigandi stjórnavalda til að aðstoðin verði veitt í samræmi við löggjöf ríkisins.
5. Ákvæði þessa samnings skulu ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sem þeir eru aðilar að, þ. á m. samningum um gagnkvæma dómsmála-aðstoð í sakamálum.

3. gr.

Einföldun formsatriða við tollmeðferð.

1. Með gagnkvæmu samkomulagi skulu tallyfirvöldin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hraða flutningi vara og farartækja milli yfirráðasvæða samningsaðilanna til þess að skapa jákvæð skilyrði til að efla lögmæt viðskipti og auka vörufloði milli þeirra.
2. Tallyfirvöldin viðurkenna tollauðkenni hverra annarra (innsigli, innsiglismerki, stimpla og önnur auðkenni sem tallyfirvöldin ákveða) og tollaskjöl, og nota eigin auðkenni vegna vörusendinga, ef nauðsyn ber til vegna tollframkvæmdar.

4. gr.

Upplýsingaskipti.

1. Tollyfirvaldið skal, eigi síðar en 30 dögum eftir móttöku beiðni, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni, láta tallyfirvaldi samningsaðila sem óskar aðstoðar í té upplýsingar sem greiða fyrir eftirliti með áreiðanleika framlagðra gagna er varða:
 - a) ákvörðun tollverðs og tollflokkunar;
 - b) hlítingu fyrirmæla um bönn og takmarkanir með tilliti til inn- eða útfluttra vara til eða frá yfírráðasvæðum samningsaðila;
 - c) uppruna vara;
 - d) önnur atriði með tilliti til vara sem fluttar eru milli yfírráðasvæða samningsaðila, sem gætu stuðlað að því að tryggja viðhlítandi framkvæmd tollalöggjafar.
2. Tollyfirvöld samningsaðila skulu, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni, láta hverju öðru í té eftirfarandi upplýsingar um aðgerðir sem framdar hafa verið eða eru fyrirhugaðar, sem fela í sér tollalagabrot og lúta að flutningi á:
 - a) vopnum, skotfærum, sprengiefnum og sprengibúnaði;
 - b) listmunum, forngripum og munum með mikilvægt sögulegt, menningarlegt eða fornminjafræðilegt gildi fyrir ríki annars hvors samningsaðilans;
 - c) eiturefnum og hlutum sem er haettulegir umhverfinu eða lýðheilsu;
 - d) hátollavörum;
 - e) fíkniefnum, geðvirkum efnum og forefnum þeirra;
 - f) peningaseðlum, verðmætum málnum og hlutum úr þeim;
 - g) hlutum sem tilgreindir eru í sammingnum um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu frá 3. mars 1973.
3. Tollyfirvöld samningsaðila skulu, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni, láta hverju öðru í té upplýsingar um eftirfarandi, sem felur í sér brot eða undirbúning brots og lúta að lögmaði flutnings vara um landamæri annars hvors samningsaðilans og umflutning um yfírráðasvæði samningsaðilanna:
 - a) aðila sem hafa framið tollalagabrot eða grunaðir eru um undirbúning þess að fremja eða að hafa framið tollalagabrot;
 - b) varning í ólöglegum viðskiptum á yfírráðasvæði annars hvors samningsaðilans;
 - c) farartæki og gáma sem eru notaðir eða grunur leikur á að séu notaðir við brot á tollalöggjöf á yfírráðasvæði annars hvors samningsaðila;
 - d) nýjar aðferðir og leiðir sem notaðar eru við tollalagabrot;
 - e) hvort vara sem flutt er inn til yfírráðasvæðis annars samningsaðilans hafi verið löglega flutt út frá yfírráðasvæði hins samningsaðilans;
 - f) hvort vörur sem fluttar eru út frá yfírráðasvæði annars samningsaðilans hafi verið löglega fluttar inn til yfírráðasvæðis hins samningsaðilans;
 - g) ef nauðsyn krefur, til hvers konar tollmeðferðar vörum hafi verið ráðstafað sem fluttar eru til eða frá yfírráðasvæði samningsaðilanna.
4. Upplýsingarnar sem hér eru tilgreindar má senda skriflega eða með rafrænum hætti. Samtímis skal láta í té öll viðeigandi gögn og staðfest afrit af skjölum sem eru nauðsynleg til útskýringar og hagnýtingar upplýsinganna.
5. Frumrita skjala skal einungis óskað þegar staðfest afrit eru ófullhnægjandi. Þegar frumrita skjala er ekki lengur þörf, skal skila þeim án tafar til tallyfirvaldsins sem létt þau í té.
6. Upplýsingaskipti samkvæmt ákvæði þessu skulu fara fram fyrir milligöngu starfsmanna tollyfirvalda ríkja samningsaðilanna.
Tollyfirvöldin skulu án tafar og eigi síðar en 30 dögum frá gildistöku samningsins skiptast á listum um starfsmenn tallyfirvalda samningsaðilanna sem hafa þessa heimild og tilgreina tölvupóstföng þeirra. Samningsaðilar skulu þegar tilkynna hver öðrum ef breytingar verða á listunum.
7. Tollyfirvöldin geta, með gagnkvæmu samkomulagi samkvæmt samningi þessum, lagt nauðsynlegar upplýsingar fyrir hver annan með reglubundnum hætti. Samsetningu, form og framsetningu upplýsinganna og tímasetningu framlagningarár þeirra skal ákvarða í samræmi við forskriftir (reglur) sem tallyfirvöldin koma sér saman um.

5. gr.

Eftirlit með aðilum, vörum og ökutækjum.

1. Tollyfirvöldin skulu, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni og í samræmi við valdheimildir sínar, getu og löggjöf ríkis þeirra og innan ramma tolleftirlitsaðgerða, hafa sérstakt eftirlit með:
 - a) aðilum sem eru grunaðir um að undirbúa eða fremja eða sem hafa framið tollalagabrot í ríki tolyfirvaldsins sem óskar aðstoðar, sem og komu slíkra einstaklinga til, og brottför frá, yfirráðasvæði ríkis tolyfirvaldsins sem fær beiðni um aðstoð;
 - b) hvers kyns farartækjum og gánum sem eru notuð eða grunur leikur á að séu notuð við að fremja tollalagabrot á yfirráðasvæði ríkis tolyfirvaldsins sem óskar aðstoðar;
 - c) flutningi vara sem tolyfirvaldið sem óskar aðstoðar hefur ákvarðað að hafi verið ólöglega innfluttar til eða fluttar út frá yfirráðasvæði ríkis þess, eða grunur leikur á að sé í ólöglegum flutningi.

6. gr.

Afhending undir eftirliti.

1. Tollyfirvöldin geta beitt afhendingu vöru undir eftirliti í samræmi við valdheimildar sínar og landslög.
2. Ákvarðanir um afhendingu undir eftirliti skulu tekna í hverju tilviki fyrir sig og, þegar þörf krefur, samkvæmt samkomulagi tolyfirvaldanna um viðeigandi fjárhagslega tilhögun.

7. gr.

Rannsóknir innan ramma tolleftirlitsaðgerða.

1. Eftir móttöku beiðni skal tolyfirvaldið sem fær beiðni um aðstoð annast formlega rannsókn á verknuðum sem eru eða sem geta verið brot gegn tollalöggjöf sem gildir í ríki tolyfirvaldsins sem óskar aðstoðar. Niðurstöður rannsóknar skal senda til tolyfirvaldsins sem óskar aðstoðar.
2. Rannsókn sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar skal fara fram í samræmi við löggjöf ríkis tolyfirvaldsins sem fær beiðni um aðstoð. Tollyfirvaldið sem fær beiðni um aðstoð skal haga rannsókninni eins og hún færi fram í eigin þágu.
3. Í sumum tilvikum er starfsmönnum tolyfirvalds annars samningsaðilans heimilt, með samþykki tolyfirvalds og í samræmi við löggjöf ríkis hins samningsaðilans, að vera viðstaddir á yfirráðasvæði þess samningsaðila meðan rannsókn tollalagabrota, sem framin hafa verið á yfirráðasvæði fyrnefnda samningsaðilans, fer fram.

8. gr.

Viðstaddir starfsmenn tolyfirvalda.

Starfsmenn tolyfirvalds annars samningsaðilans sem eru viðstaddir á yfirráðasvæði hins samningsaðilans samkvæmt skilyrðum og skilmálum sem kveðið er á um í samningi þessum skulu geta framvísað persónuskilríkjum sínum. Starfsmenn þessir skulu einungis gegna fulltrúahlutverki. Þeir skulu hvorki vera einkennisklæddir né bera vopn.

9. gr.

Sérfræðingar og vitni.

1. Berist beiðni um aðstoð getur tolyfirvaldið sem fær beiðnina heimilað starfsmönnum sínum að koma fram sem sérfræðingar eða vitni við meðferð dómsmáls eða stjórnsýslumáls sem varðar brot á tollalöggjöf sem framið hefur verið á yfirráðasvæði ríkis tolyfirvaldsins sem óskar aðstoðar.
2. Starfsmennirnir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu bera vitni um staðreyndir sem þeir hafa sannreyst við framkvæmd skyldustarfa sinna. Í beiðni um slíkan vitnisburð skal koma fram hvaða mál sé um að ræða og hvert sé hlutverk þessara starfsmanna.

10. gr.

Trúnaður upplýsinga.

1. Upplýsingar sem fengnar eru samkvæmt samningi þessum skal einungis nota í samræmi við tilgang samningsins.
2. Upplýsingar sem fengnar eru samkvæmt samningi þessum má einungis framsenda eða nota í öðrum tilgangi með skriflegu samþykki tallyfirvaldsins sem lét þessar upplýsingar í té.
3. Tallyfirvöldum er heimilt að nota upplýsingar sem aflað hefur verið samkvæmt samningnum sem sönnunargögn við meðferð stjórnsýslumáls og dómsmáls. Um möguleika á að nota slíkar upplýsingar sem sönnunargögn í máli og um sönnunargildi þeirra skal fara eftir löggjöf ríkis tollfirvaldsins sem hefur aflað slíkra upplýsinga.
4. Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar skal ekki gilda um upplýsingar um brot er varða fíkniefni, geðvirk efni og forefni þeirra. Slíkum upplýsingum er heimilt að miðla til annarra stofnana samningsaðilanna, sem taka beinan þátt í baráttunni gegn ólöglegum viðskiptum með fíkniefni, geðvirk efni og forefni þeirra.
5. Upplýsingar sem aflað er samkvæmt samningi þessum skulu vera háðar trúnaði. Tallyfirvald sem fær slíkar upplýsingar samkvæmt samningnum skal tryggja viðeigandi vernd þeirra í samræmi við löggjöf ríkis þess varðandi vernd trúnaðarupplýsinga.

11. gr.

Vernd persónuupplýsinga.

1. Persónuupplýsingar sem tallyfirvöld skiptast á samkvæmt samningi þessum skulu verndaðar í ríki hvors samningsaðila í samræmi við löggjöf ríkisins um vernd persónuupplýsinga og alþjóðasamninga sem ríkin eru aðilar að.
2. Tallyfirvald sem fær persónuupplýsingar samkvæmt samningi þessum skal tryggja friðhelgi þeirra og er ekki heimilt að miðla slíkum upplýsingum til þriðja aðila án skriflegs samþykkis tallyfirvaldsins sem lét slíkar persónuupplýsingar í té.
3. Tallyfirvald sem fær persónuupplýsingar samkvæmt beiðni skal gera tallyfirvaldinu sem lét slíkar persónuupplýsingar í té grein fyrir notkun þeirra og árangri sem náðist.
4. Tallyfirvöldin skulu vernda persónuupplýsingar gegn tapi, óleyfilegum aðgangi, afbökun og að þær séu opinberaðar.

12. gr.

Framlagning beiðna.

1. Beiðnir samkvæmt samningi þessum skulu sendar með skriflegum hætti ásamt fylgiskjölum sem nauðsynleg eru til að verða við þeim. Ef þörf er skjótra aðgerða, má senda beiðnir á rafrænu formi, en staðfesta skal þær formlega með skriflegum hætti.
2. Í beiðnum sem settar eru fram samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:
 - a) heiti tallyfirvaldsins sem óskar aðstoðar;
 - b) tilgreining málsméðferðar, efni og aðgerðir sem beiðni lýtur að;
 - c) tilgangur og ástæður beiðni;
 - d) tilvísun til lagareglna sem varða málið;
 - e) nákvæmar og ítarlegar upplýsingar um aðila sem sæta rannsókn eða eftirliti;
 - f) stutt lýsing á helstu málSATvikum;
 - g) aðrar upplýsingar sem gætu greitt fyrir meðferð beiðninnar.
3. Beiðnir skulu vera á ensku.
4. Fullnægi beiðni ekki þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari grein, má fara fram á lagfæringu eða breytingu en það kemur ekki í veg fyrir undirbúningsaðgerðir vegna slíkrar beiðni.

13. gr.

Undanþágur frá skuldbindingu um aðstoð.

1. Telji tallyfirvald sem fær beiðni um aðstoð að meðferð hennar sé líkleg til að hafa skaðleg áhrif á fullveldi, öryggi, allsherjarreglu eða einhverja aðra mikilvæga hagsmuni viðkomandi ríkis, getur

- það hafnað að veita þá aðstoð, í heild eða að hluta, sem óskað er eftir samkvæmt samningi þessum eða veitt aðstoðina samkvæmt sérstökum skilyrðum eða kvöðum.
2. Tollyfirvald sem fær beiðni um aðstoð getur frestað því að veita aðstoðina ef hún gæti truflað yfirstandandi rannsókn eða meðferð máls. Þegar þannig stendur á skal tolyfirvaldið tilkynna um það til tolyfirvaldsins sem óskaði aðstoðar. Tollyfirvaldið sem fékk beiðnina skal hafa samráð við tolyfirvaldið sem óskaði aðstoðar um skilmála og skilyrði sem fyrnefnnda tolyfirvaldið kann að áskilja.
 3. Þegar tolyfirvaldi sem óskar aðstoðar væri ómögulegt að verða við álíka beiðni ef hún væri sett fram af tolyfirvaldinu sem beiðni er beint til, skal það vekja athygli á því í beiðninni. Tollyfirvald sem fær slíka beiðni skal hafa sjálfdæmi um hvort það verði við henni.
 4. Ef ekki er unn að verða við beiðni í heild eða að hluta skal tolyfirvaldinu sem óskar aðstoðar þegar tilkynnt um það, þ.m.t. um ástæður þess að beiðninni er hafnað.

14. gr.

Kostnaður.

1. Tollyfirvald sem fær beiðni um aðstoð samkvæmt samningi þessum skal bera kostnað af því að verða við henni, að undanskildum kostnaði vegna vitna og sérfræðinga og vegna þýðenda og túlka sem ekki eru starfsmenn hins opinbera. Sá kostnaður skal borinn af tolyfirvaldinu sem óskar aðstoðar.
2. Tollyfirvöld geta gert sérstakt samkomulag um endurgreiðslu annars kostnaðar við framkvæmd samningsins.

15. gr.

Framkvæmd samningsins.

1. Tollyfirvöld skulu hafa með höndum samstarf samkvæmt samningi þessum. Tollyfirvöldin skulu koma sér saman um sérstakar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar samningsins.
2. Tollyfirvöldin skulu koma á beinum samskiptaleiðum milli skipulagseininga þeirra.
3. Ef valdheimildir vegna framkvæmdar og beitingar samnings þessa eru færðar til annars stjórnavlds eða ef heiti tolyfirvalds er breytt, skal viðkomandi samningsaðili þegar tilkynna hinum samningsaðilanum um slíkar breytingar eftir diplómatískum leiðum.

16. gr.

Deilur og ágreiningsefni.

Sérhverjar deilur og ágreiningsefni milli samningsaðila sem varða túlkun og beitingu ákvæða samnings þessa skal leysa með samráði og viðræðum milli þeirra.

17. gr.

Breytingar.

Með gagnkvæmu samkomulagi samningsaðila má breyta þessum samningi samkvæmt sérstökum bókunum.

18. gr.

Gildissvæði.

Samningur þessi skal gilda á yfirráðasvæðum Rússneska sambandsríkisins og Íslands.

19. gr.

Gildistaka og uppsögn samningsins.

1. Samningur þessi skal taka gildi á 30. degi frá því að skipst hefur verið á skriflegum orðsendingum eftir diplómatískum leiðum þar sem því er lýst yfir að samningsaðilar hafi lokið innlendri málsmeðferð sem er nauðsynleg til að samningurinn taki gildi.

Nr. 50

23. september 2021

2. Samningur þessi er ótímabundinn og skal gilda þar til liðnir eru þrír mánuðir frá því að annar samningsaðilinn fær skriflega tilkynningu eftir diplómatískum leiðum um þá fyrirætlan hins samningsaðilans að segja samningnum upp.

Gjört í Moskvu hinn 22. dag nóvember, 2018 í tveimur eintökum á rússnesku, íslensku og ensku og eru allir textarnir jafngildir. Rísi ágreiningur um túlkun samnings þessa skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Íslands

Berglind Ásgeirdsdóttir

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Rússneska sambandsríkisins

Vladimir I. Bulavin

AGREEMENT
between the Government of Iceland
and the Government of the Russian Federation
on Cooperation and Mutual Administrative Assistance in Customs Matters

The Government of Iceland and the Government of the Russian Federation, hereinafter referred to as the Parties,

based on the fact that violations of customs laws are detrimental to the economic, social, fiscal, trade and cultural interests, public health and safety of the Parties,

taking into account the need for the development of trade and economic relations between the Parties,

desiring to develop and strengthen practical cooperation on issues of common interest in customs matters,

taking into account the importance of accurate assessment of customs duties imposed on the import or export of goods, as well as the proper compliance with prohibitions, restrictions and controls in respect of the imported and exported goods,

convinced that efforts aimed to prevent customs offences and to ensure payment in full of customs duties and taxes being collected during import and export of goods can become more effective due to cooperation between the customs administrations of the Parties,

believing that improved efficiency of cooperation between the customs administrations of the Parties may be achieved by sharing information,

agreeing that the illicit traffic in narcotic drugs, psychotropic substances and their precursors threats public health and society of the Parties,

recognizing the need to intensify cooperation in the field of suppression of counterfeiting international trade,

guided by the provisions of the Single Convention on Narcotic Drugs of 1961, as amended in accordance with the 1972 Protocol amending the Single Convention on Narcotic Drugs of 1961, Convention on Psychotropic Substances of 1971 and the United Nations Convention against Illicit Traffic in Narcotic Drugs and Psychotropic Substances of 1988,

taking into account the Recommendation of the Customs Cooperation Council about mutual administrative assistance of 5 December, 1953,

Have agreed as follows:

Article 1
Definitions

The terms used herein shall have the following meanings:

- a) “requested customs administration” - the customs administration, which receives a request for assistance in customs matters hereunder and/or provides such assistance;
- b) “requesting customs administration” - the customs administration, which sends a request for assistance in customs matters hereunder and/or receives such assistance;
- c) “information” - any data, including digital and photographic, as well as documents, reports, or any other communications in any form, and certified copies thereof;
- d) “controlled delivery” - a method allowing for export from, import into or transit through the territory of the Party of illicit or suspect consignments of narcotic drugs, psychotropic substances or their substitutes, and other illegally transported goods with the knowledge and under the supervision of the competent authorities of the Parties, with a view to identifying persons involved

- in the illicit trafficking in narcotic drugs, psychotropic substances and other illegally transported goods;
- e) "person" - any individual or legal entity;
 - f) "narcotic drugs and psychotropic substances" - substances included in the lists of the Single Convention on Narcotic Drugs of 1961, as amended in accordance with the 1972 Protocol Amending the Single Convention on Narcotic Drugs of 1961, Convention on Psychotropic Substances of 1971 and the national lists of the States of the Parties;
 - g) "precursors" - the chemicals used in the illicit manufacture of narcotic drugs and psychotropic substances included in Tables I and II of the Annex to the United Nations Convention against Illicit Traffic in Narcotic Drugs and Psychotropic Substances of December 20, 1988;
 - h) "personal data" - any information relating directly or indirectly to an identified or identifiable individual;
 - i) "customs administration" in the Russian Federation -the Federal Customs Service; in Iceland -The Directorate of Customs;
 - j) "customs duties" - the customs duties, taxes, fees and other charges levied by the customs authorities of the Party in accordance with its legislation;
 - k) "customs legislation"- a set of international treaties, laws and regulations of each of the Parties, application and enforcement of which is assigned directly to the customs administrations, and any regulations issued by the customs administrations within their competence regarding import, export, transit of goods, hand luggage and passengers' luggage, currency and other valuables, international mailing, collection of customs duties, taxes and other charges, provision of exemption, establishing of prohibitions and restrictions, and also regarding control for a movement of goods through a border of the States of the Parties;
 - l) "customs offence" - any violation or attempted violation of customs legislation.

Article 2

Subject Matter of the Agreement

1. The cooperation of the Parties shall be performed in compliance with laws of their States and international agreements the Parties are the parties to.
2. In accordance with the provisions hereof, the Parties shall, through customs administrations of their States:
 - a) exchange information on customs offences in accordance with the legislation of its State;
 - b) cooperate in the prevention, investigation and suppression of customs offences;
 - c) exchange information facilitating customs control for a proper implementation of the customs legislation as well as for declared data on classification, assessment of customs value and origin of goods and collecting customs duties in full.
 - d) cooperate in research, development and testing of new equipment and technologies which are directed to prevent, investigate and combat customs offences, personnel training and exchange of specialists and in other issues requiring joint efforts;
3. The cooperation of the Parties within the framework of this Agreement shall be performed in compliance with the legislation of the requested customs administration and within its competence and capabilities.
4. If the requested customs administration is not a competent authority for the execution of the request of the requesting customs administration, the requested customs administration shall immediately forward the request to the appropriate authority for the execution of the request in accordance with the legislation of its State.
5. The provisions hereof shall not affect the rights and obligations of the Parties arising from other international agreements to which they are the parties, including agreements on mutual legal assistance in criminal matters.

Article 3

Facilitation of customs formalities

1. The customs administrations shall by mutual agreement take the necessary measures to speed up the movement of goods and vehicles between the territories of the Parties in order to create favorable conditions to develop legitimate trade and increase trade flow between the Parties.
2. The customs administrations recognize each other's customs identification means (seals, seal impressions, stamps and other means of identification agreed by the customs administrations) and customs documents, and, if necessary, apply to the transported goods their own means of identification for customs purposes.

Article 4

Exchange of Information

1. The customs administration, either on its own initiative or upon request, no later than 30 days after receiving the request, shall provide the customs administration of the requesting Party with information facilitating customs control over the reliability of the declared data:
 - a) on assessment of customs value and classification;
 - b) on compliance with prohibitions and restrictions with respect to goods imported or exported to or from the territories of the Parties;
 - c) on origin of the goods;
 - d) other information about the goods transported between the territories of the Parties, which may help ensuring the proper implementation of the customs legislation.
2. The customs administrations of the Parties shall provide each other, on their own initiative or upon request, with the following information about committed or planned actions constituting customs offence relating to the movement of:
 - a) weapons, ammunition, explosives and explosive devices;
 - b) art pieces, antiques and items of significant historical, cultural or archaeological value of the State of one of the Parties;
 - c) toxic substances and products that are dangerous to the environment and public health;
 - d) goods subject to high customs duties;
 - e) narcotic drugs, psychotropic substances and their precursors;
 - f) banknotes, precious metals and articles thereof;
 - g) objects specified in the Convention on the International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora of March 3, 1973.
3. The customs administrations of the Parties shall provide each other, on their own initiative or upon request, with the following information about committed or planned actions constituting customs offence relating to the legality of the movement of goods across the state border of either Party, and transit transport of goods through the territory of the Parties:
 - a) the persons having committed customs offences or suspected of preparing or of having committed customs offences;
 - b) the products used in the illicit traffic in the territory of either Party;
 - c) the vehicles and containers used or suspected of being used to commit customs offences in the territory of either Party;
 - d) new methods and means used in committing customs offenses;
 - e) whether goods imported into the territory of one Party have been lawfully exported from the territory of the other Party;
 - f) whether goods exported from the territory of one Party have been lawfully imported into the territory of the other Party;
 - g) if necessary, under which customs procedure goods, imported into or exported from the territories of the Parties, have been placed.
4. The information referred to herein may be sent in writing or in electronic form. At the same time all related materials and certified copies of documents necessary for the interpretation and use of this information shall be transferred.

5. Original documents shall only be requested if the certified copies are insufficient. Original documents shall be promptly returned to the providing customs administration when they are no longer needed.
6. Pursuant hereto, information shall be exchanged via the officials of the customs administrations of the States of the Parties.
The customs administrations shall promptly exchange the lists of authorized customs officials of the Parties, specifying their e-mail addresses no later than 30 days after the entry into force hereof. The Parties shall inform each other immediately on changes in the specified lists.
7. The customs administrations may, by mutual agreement in accordance herewith, submit to each other on a regular basis the necessary information. The composition, form and structure of such information, and submission timing shall be determined by the specifications (regulations) agreed by the customs administrations.

Article 5

Supervision of Persons, Goods and Vehicles

The customs administrations shall, on their own initiative or upon request, within their competence and capabilities and in accordance with the legislation of its State, exercise special surveillance over, within the framework of an enforcement activity:

- a) persons suspected of preparing or committing or having committed customs offenses in the State of the requesting customs administration, as well as the entry of such persons into the territory of the State of the requested customs administration and the departure from the territory of the State of the requested customs administration;
- b) any vehicles and containers used or suspected of being used for committing customs offences in the territory of the State of the requesting customs administration;
- c) the movement of goods determined by the requesting customs administration as illegally imported into or exported from the territory of its State or suspected of being illegally moved.

Article 6

Controlled Delivery

1. The customs administrations may, within their competence and in accordance with the laws of their States, use the method of controlled delivery of goods.
2. A decision on each controlled delivery shall be made separately, and if necessary, subject to the agreements between the customs administrations on the relevant financial matters.

Article 7

Investigations within the framework of an enforcement activity

1. After receiving the request, the requested customs administration shall conduct a formal investigation of the acts that violate or may violate the customs legislation in force in the State of the requesting customs administration. The results of the investigation shall be sent to the requesting customs administration.
2. The investigation stipulated in paragraph 1 of this Article shall be conducted in accordance with the legislation of the State of the requested customs administration. The requested customs administration shall conduct the investigation as it were acting on its own behalf.
3. Officials of the customs administration of one Party, in some cases, with the consent of the customs administration and in accordance with the legislation of the State of the other Party, may be present in the territory of that Party during the investigation of customs offenses committed in the territory of the first Party.

Article 8

Presence of Officials

The officials of the customs authorities of one Party that are present in the territory of the other Party under terms and conditions provided for herein, shall be ready to present their credentials these officials shall only have a representational function. They shall not wear uniforms nor bear arms.

Article 9

Experts and Witnesses

1. In the case of receipt of a request, the requested customs administrations may authorize its officials to act as experts or witnesses in judicial or administrative proceedings relating to the violation of the customs legislation conducted in the territory of the State of the requesting customs administration.
2. The officials referred to in paragraph 1 of this Article shall give evidence on the facts established by them in the performance of their duties. A request for such evidence shall indicate in which case and in what capacity these officials shall appear.

Article 10

Confidentiality of Information

1. The information received pursuant hereto shall be used solely for the purposes specified herein.
2. The information received hereunder may be transferred or used for other purposes only with the written consent of the customs administration having provided this information.
3. The customs administrations may use as evidence in administrative and judicial proceedings the information obtained in accordance herewith. The possibility of using such information as evidence in the courts and its probative value shall be determined by the legislation of the State of the customs administration, having obtained such information.
4. The provisions of paragraph 2 of this Article shall not apply to information about violations related to narcotic drugs, psychotropic substances and their precursors. Such information may be transferred to other departments of the Parties directly involved in combating illicit trafficking in narcotic drugs, psychotropic substances and their precursors.
5. The information obtained in accordance herewith shall be confidential. The customs administrations receiving the information in accordance herewith shall ensure adequate protection thereof in accordance with the legislation of its State relating to protection of confidential information.

Article 11

Protection of Personal Data

1. Personal data exchanged by the customs administrations pursuant hereto shall be protected in the State of each Party in accordance with the legislation of the State relating to protection of personal data and international treaties, to which the Parties are signatories.
2. The customs administration having received personal data in accordance herewith shall ensure privacy thereof, and may not transfer such data to a third party without the written consent of the customs administration having provided such personal data.
3. The customs administration having received personal data upon request shall inform the customs administration having provided such personal data about the use of such data and the results achieved.
4. The customs administrations shall protect personal data against loss, unauthorized access, distortion and publicizing.

Article 12

Submission of Requests

1. The request made hereunder shall be sent in written form accompanied by the documents required for its execution. In case of urgency, the request may be sent in electronic form, but it must be officially confirmed in written form.
2. The request made pursuant to paragraph 1 of this Article must contain the following information:
 - a) name of the requesting customs administration;
 - b) type and subject matters of the proceedings, the requested action;
 - c) purpose and reason for the request;
 - d) references to regulatory legal acts related to the case;

- e) accurate and comprehensive information about the persons subject to the investigations or customs control;
 - f) brief description of the circumstances relevant to the case;
 - g) other information which could help in executing the request.
3. The requests shall be sent in English.
 4. If the request fails to meet the requirements provided for in this Article, adjustment or modification may be requested, but this does not prevent the preliminary work in respect of such request.

Article 13

Exceptions from Assistance Obligations

1. In cases where the requested customs administration believes that the execution of the request is likely to harm the sovereignty, security, public order or any other essential interests of its State, it can completely or partially decline to provide the requested assistance hereunder or render such assistance in compliance with certain conditions or requirements.
2. Assistance may be postponed by the requested customs administration if it may interfere with an ongoing investigation or proceeding. In this case, the requested customs administration shall notify the requesting customs administration. The requested customs administration shall consult with the requesting customs administration with respect to the terms and conditions of assistance that may be required by the requested customs administration.
3. Where the requesting administration would be unable to comply if a similar request were made by the requested administration, it shall draw attention to that fact in its request. Compliance with such a request shall be at the discretion of the requested administration.
4. If the request cannot be executed in whole or partly, the requesting customs administration shall be immediately notified thereof, including the reasons for declining this request.

Article 14

Costs

1. The costs associated with execution of the request in accordance herewith shall be borne by the requested customs administration, except for the costs for witnesses, experts and non-public translators/interpreters. These costs shall be borne by the requesting customs administration.
2. Compensation for any other costs associated with the performance hereof may be subject to a separate agreement between customs administrations.

Article 15

Implementation of the Agreement

1. The cooperation provided for herein shall be rendered directly by the customs administrations. The customs administrations shall agree with each other on specific measures necessary for the performance hereof.
2. The customs administrations shall provide the establishment of direct communication channels between their subdivisions.
3. If the powers related to the implementation and application of the agreement are transferred to another authority, or if the name of the customs administration is changed, each Party shall immediately inform the other Party about such changes through diplomatic channels.

Article 16

Disputes and Disagreements

Any disputes and disagreements between the Parties relating to the interpretation and application of the provisions hereof shall be settled by consultation and negotiation between them.

Article 17

Amendments

By mutual agreement of the Parties, this Agreement may be amended under separate protocols.

Nr. 50

23. september 2021

Article 18

Territory of Application

This Agreement shall be valid in the territories of the Russian Federation and Iceland.

Article 19

Entry into Force and Termination of this Agreement

1. This Agreement shall enter into force on the 30th day following the receipt through diplomatic channels of the last written notice of the performance by the Parties of internal procedures necessary for its entry into force.
2. This Agreement is executed for an indefinite period and shall be valid until the expiration of 3 months after either Party receives through diplomatic channels a written notice of the other Party's intention to terminate this Agreement.

Done at Moscow on the 22 day of November, 2018 in two copies in Russian, Icelandic and English, all texts being equally authentic.

In case of disputes for the purposes of interpretation hereof, the text in English shall prevail.

For the Government
of Iceland

Berglind Ásgeirsdóttir

For the Government
of the Russian Federation

Vladimir I. Bulavin

C-deild – Útgáfud.: 18. október 2022.